



## ÍSí úthlutar afreksstyrkjum – Hæsta úthlutun sjóðsins

Framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands samþykkti, fimmtudaginn 23. janúar 2014, tillögur stjórnar Afrekssjóðs ÍSí að úthlutun fyrir árið 2014. Styrkveitingar ÍSí að þessu sinni nema samtals rúmlega 96 milljónum króna

Til Afrekssjóðs ÍSí bárust umsóknir frá 26 sérsamböndum. Hljóta þau öll styrk að þessu sinni vegna 37 landsliðsverkefna, 19 liða og vegna verkefna 38 einstaklinga. Sótt var um styrki til sjóðsins vegna verkefna 92 einstaklinga að þessu sinni og er aðeins hluti þeirra verkefna styrktur sérstaklega.

Rétt er að leggja áherslu á að það eru sérsambönd sem hljóta styrki vegna verkefna tilgreindra íþróttamanna, en ekki íþróttamennirnir sjálfir. Flokkun í A, B og C flokka er hugsuð til að hvetja til árangurs á heimsvísu sem og til að skapa ákveðið viðmið varðandi upphæðir og þjónustu.

Á Íþróttþingi 2013 var ákveðið að fella niður Styrktarsjóð ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna og sameina hann við Afrekssjóð ÍSí. Sú sameining átti sér stað nú um síðustu áramót og er nú í fyrsta sinn úthlutað úr sameinuðum Afrekssjóði ÍSí. Felur þessi breyting í sér meiri sveigjanleika hvað varðar aldursviðmið sem og upphæðir. Ný reglugerð hefur þannig tekið gildi sem áréttar þetta og verður hún kynnt betur fyrir sérsamböndum á næstunni.

Þrátt fyrir að úthlutað sé að þessu sinni rúmlega 96 milljónum króna, sem er hækkun frá styrkjum undanfarinna ára (undantekning þó árið 2012), er enn langt í land að styrkir ÍSí standi undir afreksstarfi sérsambandanna.

Þegar skoðaðar eru umsóknir sérsambandanna til Afrekssjóðs ÍSí, sést eftirfarandi:

- Kostnaðaráætlanir þeirra 26 sérsambanda sem sóttu um styrk vegna íþróttamanna, liða og verkefna til Afrekssjóðs ÍSí 2014 nema rúmlega 891 m.kr.
- Framlag Afrekssjóðs ÍSí til sérsambanda er kr. 91.910.000 og nemur um 10,3% af kostnaðaráætlun þeirra vegna þessara verkefna. Þess ber að geta að ekki er sótt um styrk vegna allra landsliðsverkefna sambanda.
- Þessi hlutföll af kostnaðaráætlunum eru töluvert lægri en á síðustu árum og gefur það til kynna hærri kostnað hjá sérsamböndum en einnig metnað um að taka þátt í umfangsmiklu íþróttastarfi á alþjóðavettvangi.

Framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSí fyrir árið 2014 hækkaði í 70 m.kr., en var árið áður 55 m.kr. og árið 2012 var framlag ríkisins 34,7 m.kr. auk þess sem að styrk vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í London að upphæð 25 m.kr. var úthlutað til sérsambanda ÍSí í gegnum Afrekssjóð ÍSí. Afrekssjóður ÍSí er annars fjármagnaður með hlutdeild úr tekjum íþróttahreyfingarinnar frá Íslenskri Getspá samkvæmt ákvörðun Íþróttþings.



Styrkupphæðir A, B og C styrkja, sem sérsamband hlýtur vegna einstaklinga voru hækkaðar á síðsta ári. Þannig fór A-styrkur úr kr. 160 þúsund á mánuði í kr. 200 þúsund á mánuði, B-styrkur úr kr. 80 þúsund í kr. 120 þúsund á mánuði og C-styrkur úr kr. 40 þúsund í kr. 60 þúsund á mánuði. Það ber að ítreka að styrkir sjóðsins eru fyrst og fremst vegna kostnaðar við þátttöku í mótum og keppnum og undirbúnings vegna þeirra.

Fyrir árið 2014 eru litlar breytingar á listum þeirra sem eru metnir með A, B og C viðmið en þeim fjölgar nú um einn, þ.e. 8 eru metnir til A-styrks og 8 til C-styrks.

Sjóðsstjórnin leggur áfram áherslu á að efla þjónustu fagteymis og fræðslu fyrir íþróttamenn sérsambanda. Þannig munu sérsamböndum verða gert kleyft að sækja sérstaklega um styrk til sjóðsins vegna verkefna sem snúa að fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum frá skilgreindu fagteymi sérsambands eða ÍSÍ. Afrekssjóður mun einnig styrkja þjónustubætti vegna þeirra íþróttamanna sem skilgreindir eru á A, B og C styrkjum sjóðsins.

Þeir einstaklingar sem sérsambönd ÍSÍ sóttu um styrk fyrir verða skilgreindir í Afrekshóp ÍSÍ og stendur þeim til boða fræðsla og þjónusta á vegum sjóðsins. Þessi hópur mun telja í heildina um 100 einstaklinga sem eru í senn okkar fremsta íþróttafólk en jafnframt það efnilegasta í einstaklingsíþróttageinum. Fyrsti fræðsluviðburðurinn mun fara fram 26. febrúar næstkomandi.

Íslenskt afreksíþróttafólk eru ætíð mikilvægar fyrirmyndir fyrir íslenska æsku og þjóðfélagið í heild sinni. Þegar vel gengur styðja Íslendingar vel við sína fremstu íþróttamenn en þegar á móti blæs er stutt í gagnrýnisraddir. Líkt og áður er mjög mikilvægt að hlúa enn betur að þessu fólki með því að gefa því tækifæri á að taka þátt í verðugum verkefnum og styðja við bakið á því með fræðslu og faglegri þekkingu.

Frekari styrkjum mun verða úthlutað á árinu 2014 og mun stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ fylgjast náið með framvindu og árangri á árinu. Árangur íþróttamanna á árinu 2013 var í sumum tilfellum lakari en vonast var til og verður gerð meiri krafa til íþróttamanna um að þeir standi sig árangurslega á komandi ári. Þá eru fjölmargir ungir og efnilegir íþróttamenn líklegir til afreka á árinu og er hlutverk Afrekssjóðs ÍSÍ að styðja við það öflugra starf sem á sér stað á vegum sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ.

Úthlutun sjóðsins kynntu Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Örn Andrésson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ, Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.



## Styrkveitingar 2013

### Afrekssjóður ÍSÍ

#### Blaksamband Íslands (BLÍ)

- Strandblak, (Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir)	kr.	300.000,-
- U17 lið karla og kvenna	kr.	300.000,-
- A landslið kvenna, undankeppni EM	kr.	300.000,-
- A landslið karla, undankeppni EM	kr.	300.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>1.200.000,-</b>

#### Badminton samband Íslands (BSÍ)

- Landsliðsverkefni, EM	kr.	1.000.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>1.000.000,-</b>

#### Borðtennissamband Íslands (BTÍ)

- Landsliðsverkefni, HM	kr.	300.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>300.000,-</b>

#### Dansíþróttasamband Íslands (DSÍ)

- Landsliðsverkefni, HM, EM o.fl.	kr.	800.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>800.000,-</b>

#### Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ)

- Landsliðsverkefni	kr.	2.000.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni	kr.	500.000,-
- Ásdís Hjálmsdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Aníta Hinriksdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Guðmundur Sverrisson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Kári Steinn Karlsson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Óðinn Björn Þorsteinsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Einar Daði Lárusson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Hafdís Sigurðardóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>9.640.000,-</b>

#### Fimleikasamband Íslands (FSÍ)

- A-landslið í hóp fimleikum, kvk, kk og bl. liða, EM	kr.	1.500.000,-
- A-landslið í áhaldafimleikum, kvk og kk, NM, EM, HM o.fl.	kr.	1.500.000,-
- Unglingalandslið í hóp fimleikum, kvk, kk og bl. liða, EM	kr.	500.000,-
- Unglingalandslið í áhaldafimleikum, NM ungl., EM ungl.	kr.	500.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>3.800.000,-</b>



### **Golfsamband Íslands (GSÍ)**

- Landsliðs Íslands vegna HM og EM	kr.	3.500.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni	kr.	500.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>4.000.000,-</b>

### **Handknattleikssamband Íslands (HSÍ)**

- A-landslið karla	kr.	10.000.000,-
- A-landslið kvenna	kr.	4.000.000,-
- U20 karla	kr.	1.000.000,-
- U20 kvenna	kr.	500.000,-
- U18 karla	kr.	250.000,-
- U18 kvenna	kr.	250.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>16.000.000,-</b>

### **Íþróttasamband fatlaðra (ÍF)**

- Jón Margeir Sverrisson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Helgi Sveinsson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Thelma Björg Björnsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Kolbrún Alda Stefánsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Erna Friðriksdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Jóhann Þór Hólmgrímsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni í frjálsíþróttum	kr.	500.000,-
- Landsliðsverkefni í sundi	kr.	500.000,-
- Undirbúningur fyrir Ólympíumót fatlaðra í Sochi 2014	kr.	300.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>8.020.000,-</b>

### **Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ)**

- A-landslið karla vegna HM 2014	kr.	400.000,-
- A-landslið kvenna vegna HM 2014	kr.	300.000,-
- U20 landslið karla vegna HM 2014	kr.	150.000,-
- U18 landslið karla vegna HM 2014	kr.	150.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>1.000.000,-</b>

### **Skautasamband Íslands (ÍSS)**

- Landsliðsverkefni	kr.	500.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>500.000,-</b>

### **Júðósamband Íslands (JSÍ)**

- Þormóður Árni Jónsson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Landsliðsverkefni	kr.	1.000.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>1.720.000,-</b>



### **Karatesamband Íslands (KAÍ)**

- Landslið fullorðinna í kata og kumite	kr.	700.000,-
- Telma Rut Frímannsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>1.000.000,-</b>

### **Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ)**

- A-landslið karla	kr.	5.000.000,-
- A-landslið kvenna	kr.	1.000.000,-
- U18 karla	kr.	500.000,-
- U18 kvenna	kr.	500.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>7.000.000,-</b>

### **Keilusamband Íslands (KLÍ)**

- Karlalandsliðið vegna HM 2014	kr.	300.000,-
- Kvennalandsliðið vegna HM 2014	kr.	300.000,-
- Ungmennalandslið U-21	kr.	150.000,-
- Ungmennalandslið U-17	kr.	150.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>900.000,-</b>

### **Kraftlyftingasamband Íslands (KRA)**

- Auðunn Jónsson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Júlían Jóhann Karl Jóhannsson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- María Guðsteinsdóttir / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Viktor Ben Gestsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Landsliðsverkefni, EM og HM	kr.	500.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>4.540.000,-</b>

### **Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ)**

- A-landslið kvenna	kr.	5.000.000,-
- U19 kvenna	kr.	500.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>5.500.000,-</b>

### **Landssamband hestamannafélaga (LH)**

- Landsliðsverkefni, NM2014 og Youth Cup 2014	kr.	1.300.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>1.300.000,-</b>

### **Lyftingasamband Íslands (LSÍ)**

- Landsliðsverkefni, NM og EM	kr.	300.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>300.000,-</b>

### **Siglingasamband Íslands (SÍL)**

- Landsliðsverkefni	kr.	500.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>500.000,-</b>



### **Skíðasamband Íslands (SKÍ)**

- Landsliðsverkefni - Alpagreinar	kr.	4.000.000,-
- Landsliðsverkefni - Skíðaganga	kr.	800.000,-
- Einar Kristinn Kristgeirsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- María Guðmundsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Helga María Vilhjálmisdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Sævar Birgisson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Brynjar Jökull Guðmundsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Brynjar Leó Kristinsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	150.000,-
- Erla Ásgeirsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	150.000,-
- Freydis Halla Einarsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	150.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>6.750.000,-</b>

### **Skylmingasamband Íslands (SKY)**

- Þorbjörg Ágústsdóttir / Eingreiðsla	kr.	300.000,-
- Kvennalandslið vegna HM og EM	kr.	700.000,-
- U-21/U-18 landsliðsverkefni, HM og EM	kr.	300.000,-
- Karlalandslið vegna HM og EM	kr.	700.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>2.000.000,-</b>

### **Sundsamband Íslands (SSÍ)**

- Landsliðsverkefni	kr.	2.500.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni	kr.	500.000,-
- Eygló Ósk Gústafsdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Hrafnhildur Lúthersdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Anton Sveinn McKee / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Ingibjörg Kristín Jónsdóttir / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Jóhanna Gerða Gústafsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Alexander Jóhannesson / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Kristinn Þórarinsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>9.840.000,-</b>

### **Skotíþróttasamband Íslands (STÍ)**

- Ásgeir Sigurgeirsson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Landsliðsverkefni (haglab. og kúlugr.)	kr.	500.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>2.900.000,-</b>

### **Taekwondósamband Íslands (TKÍ)**

- Meisam Rafiei / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni (ÓL 2016 & ÓL 2020 lið)	kr.	600.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>900.000,-</b>

### **Tennissamband Íslands (TSÍ)**

- Landslið karla vegna Davis cup	kr.	250.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni erlendis	kr.	250.000,-
<b>Alls</b>	<b>kr.</b>	<b>500.000,-</b>



**Fagteymi ÍSí**

kr. 5.000.000,-  
**Alls** kr. **5.000.000,-**

**Heildarúthlutun** kr. **96.910.000,-**



## Afrekshópur ÍSÍ 2014

Nafn	Fæðingarár	Sérsamband
Adrian Sölvi Ingimundarson	1997	JSÍ
Aðalheiður Rósa Harðardóttir	1992	KAÍ
Alexander Jóhannesson	1992	SKY
Aníta Hinriksdóttir	1996	FRÍ
Aníta Ósk Hrafnisdóttir	1994	ÍF
Anna Hulda Ólafsdóttir	1985	LSÍ
Anton Sveinn Mckee	1993	SKY
Arna Stefanía Guðmundsdóttir	1995	FRÍ
Arnar Davíð Jónsson	1994	KLÍ
Arnar Geir Ísaksson	1994	SKÍ
Arnhildur Anna Árnadóttir	1992	KRA
Arnór Stefánsson	1997	SKY
Auðunn Jónsson	1972	KRA
Ásdís Hjálmsdóttir	1985	FRÍ
Ásgeir Sigurgeirsson	1985	STÍ
Ástrós Brynjarsdóttir	1999	TKÍ
Berglind Gígja Jónsdóttir	1995	BLÍ
Björn Heiðar Rúnarsson	1990	SÍL
Breki Bernharðsson	1995	JSÍ
Bryndís Bolladóttir	1999	SKY
Brynjar Jökull Guðmundsson	1989	SKÍ
Brynjar Leó Kristinsson	1988	SKÍ
Daníel Hannes Pálsson	1995	SKY
Davíð Freyr Guðjónsson	1995	KAÍ
Dominiqua Alma Belányi	1992	FSÍ
Egill Blöndal	1996	JSÍ
Einar Daði Lárusson	1990	FRÍ
Einar Kristinn Kristgeirsson	1994	SKÍ
Elísabet Einarsdóttir	1998	BLÍ
Erla Ásgeirsdóttir	1994	SKÍ
Erna Friðriksdóttir	1987	ÍF
Eygló Ósk Gústafsdóttir	1995	SKY
Fanney Hauksdóttir	1992	KRA
Freydís Halla Einarsdóttir	1994	SKÍ
Guðmundur Sverrisson	1990	FRÍ
Hafdís Sigurðardóttir	1987	FRÍ
Hafþór Harðarson	1986	KLÍ
Heiðar Benediktsson	1995	KAÍ





<b>Nafn</b>	<b>Fæðingarár</b>	<b>Sérsamband</b>
Helga María Vilhjálmsdóttir	1995	SKÍ
Helgi Sveinsson	1979	ÍF
Hilmar Örn Jónsson	1996	FRÍ
Hrafnhildur Lúthersdóttir	1991	SKY
Hulda Lilja Hannesdóttir	1994	SÍL
Inga Elín Cryer	1993	SKY
Ingi Rúnar Kristinsson	1993	FRÍ
Ingibjörg Kristín Jónsdóttir	1993	SKY
Ingunn Rut Sigurðardóttir	1995	JSÍ
Íris Ósk Hilmarsdóttir	1998	SKY
Jóhann Þór Hólmgrímsson	1993	ÍF
Jóhanna Gerða Gústafsdóttir	1990	SKY
Jón Margeir Sverrisson	1992	ÍF
Jón Sigurður Gunnarsson	1992	FSÍ
Júlían J. K. Jóhannsson	1993	KRA
Karl Stefánsson	1995	JSÍ
Kári Steinn Karlsson	1986	FRÍ
Kolbeinn Hrafnkelsson	1994	SKY
Kolbeinn Höður Gunnarsson	1995	FRÍ
Kolbrún Alda Stefánsdóttir	1997	ÍF
Kristinn Þórarinsson	1996	SKY
Kristján Helgi Carrasco	1993	KAÍ
Kristófer Darri Finnsson	1997	BSÍ
Kristófer Sigurðsson	1995	SKY
Lilja Lind Helgadóttir	1996	LSÍ
Logi Haraldsson	1996	JSÍ
Magnús Finnsson	1993	SKÍ
Margrét Jóhannsdóttir	1995	BSÍ
Marinó Ingi Erlingsson	1996	ÍF
María Guðmundsdóttir	1993	SKÍ
María Guðsteinsdóttir	1970	KRA
Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir	1997	ÍF
Meisam Rafiei	1986	TKÍ
Norma Dögg Róbertsdóttir	1996	FSÍ
Óðinn Björn Þorsteinsson	1981	FRÍ
Ólafur Garðar Gunnarsson	1990	FSÍ
Pálmi Guðfinnsson	1997	BSÍ
Sara Högnadóttir	1995	BSÍ
Sigfús Fossdal	1983	KRA
Sigurður Unnar Hauksson	1994	STÍ



<b>Nafn</b>	<b>Fæðingarár</b>	<b>Sérsamband</b>
Sindri Hrafn Guðmundsson	1995	FRÍ
Sindri Lárusson	1993	FRÍ
Sindri Pétursson	1996	KAÍ
Sunneva Dögg Friðriksdóttir	1999	SKY
Sveinbjörg Zophoníasdóttir	1992	FRÍ
Sævar Birgisson	1988	SKÍ
Telma Rut Frímanssdóttir	1992	KAÍ
Thelma Björg Björnsdóttir	1996	ÍF
Thelma Rut Hermannsdóttir	1993	FSÍ
Valgarð Reinhardsson	1996	FSÍ
Viktor Ben Gestsson	1996	KRA
Viktor Samúelsson	1993	KRA
Þorbjörg Ágústsdóttir	1981	SKY
Þormóður Árni Jónsson	1983	JSÍ